

6. fundur Betadeildar starfsárið 2021 – 2022 haldinn í Hrafnagilsskóla í Eyjafjarðarsveit 26. apríl 2022 kl. 19:00

Setning fundar

Hildur Hauksdóttir formaður setti fundinn og bauð konur velkomnar. Hún bað síðan Ragnheiði að kveikja á kertum. Hildur flutti kveðjur frá fjarstöddum konum og fól Björk Sigurðardóttur fundarstjórn fyrir hönd undirbúningshóps. Þar sem þrír gestir sátu sinn fyrsta fund í Betadeild var farinn einn hringur þar sem konur kynntu sig. Björk fór einnig yfir þá venjubundnu hætti sem eru á skiptingu verka á undirbúningi funda.

Orð til umhugsunar

Björk flutti orð til umhugsunar og gerði að umfjöllun sinni hvernig val um líðan hvern dag og ákvörðun um að vera besta útgáfan af sjálfri sér geti haft áhrif á vald yfir eigin hugsunum og haft áhrif inn í daginn. Hún talaði sérstaklega út frá eigin upplifunum og reynslu um leið og hún setti viðfangsefnið í samhengi við skólastarfið.

Fundargerð síðasta fundar

Elín las fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt.

Erindi frá stjórn

- Hildur minnti á vorráðstefnu landssamtakanna þann 7. maí á Grandhótel í Reykjavík. Hún fór yfir fyrirhugað þema ráðstefnunnar og yfirskriftina sem er Fjölbreytni og sveigjanleiki í menntun til framtíðar þar sem fjallað verður sérstaklega um þau áhrif sem covid-19 hefur haft á námsaðstæður og hvernig horfa má á þessi áhrif til framtíðar.
- Hildur minnti á lokafund starfsársins 27. maí sem jafnframt væri aðalfundur.
- Hildur sagði gestabók deildarinnar hafa lent út undan í covidástandinu og nú væri markmið að bæta úr því og við myndum allar hjálpast að við að muna eftir bókinni.

Önnur mál

- Þorgerður spurði eftir þátttöku félagskvenna á vorþingi og ljóst var að nokkrar Betakonur hugsuðu sér að fara.
- Eygló fór yfir skipulag á þingum landssamtakanna, að vorráðsstefnan væri eins konar fræðsluráðstefna og landssambandsþing eins konar sambland fræðslufundar og aðalfundar með stjórnarkjöri.

- Hildur sagði frá pyngjunni sem felst í söfnun til styrktar menntun stúlkna. Pyngjan gekk áður á fundum en nú fari söfnunin fram með rafrænum hætti og konur leggi því af og til inn á reikning deildarinnar og merki pyngjunni.

Kaffihlé og happdrætti. Dregið var í happdrættinu og var það Sigrún sem hlaut vinninginn að þessu sinni sem Eygló afhenti.

Erindi kvöldsins flutti Natalia Kravtchouk

Natalía er frá Úkraínu en flutti til Íslands árið 1994 vegna dýrtíðar og erfiðra aðstæðna í heimalandinu eftir að Sovétríkin liðuðust í sundur. Hún lýsti vel þeim aðstæðum sem hún bjó við og hvernig hún þurfti að berjast við erfitt kerfi og að fá börn sín til Íslands á sínum tíma. Hún sagði frá ýmsu sem orðið hefur á vegi hennar í gegnum árin og hvernig hún hefur sigrast á erfiðleikum með fjallgöngum sínum og sterkum tengslum við íslenska náttúru. Natalia útskýrði frá sínum sjónarhóli ástæður þess að Úkraína hefur lent í því valdatafli sem nú stendur yfir og hvernig hún sér aðstæður fólks í Úkraínu þar sem hún á ættingja og vini. Mikil umræða fór fram um aðstæður fólks í Úkraínu eftir að konur höfðu hlýtt á mjög hjarnæmt erindi Natalíu.

Fundarslit

Ragnheiður slökkti á á kertum og fundi var slitið kl. 21:00.

Fundargerð ritaði Elín Elísabet Magnúsdóttir